

FUNDARGERÐ

25. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

Fundarstaður: Ráðhús Árborgar

Fundartími: Þriðjudagur 21. mars 2017 kl. 12.30

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon. Auk þess sátu þær Katrín Þorsteinsdóttir, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, María Kristjánsdóttir Ingibjörg Garðarsdóttir fundinn.

Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Dagskrá fundarins.

1. Erindi frá Skaftholti, dags. 18. mars 2017 vegna þjónustusamnings

Fram var lagt bréf frá Guðjóni T. Árnasyni f.h. stjórnar Skaftholts þar sem farið er yfir stöðuna í rekstri Skaftholts og gerð krafa um aukin framlög til rekstrarins.

Því miður telur stjórnin enga möguleika á að greiða meira fyrir starfsemina í Skaftholti heldur en gert hefur verið, enda taka greiðslur til heimilisins mið að þjónustubörf íbúanna. Rekstur heimilisins verður að aðlaga sig þeirri stöðu og þeim framlögum sem þjónustusvæðið fær vegna þeirra vistmanna sem þar dvelja.

2. Upplýsingar um væntanlegar breytingar í Kerlingardal

Lagt var fram bréf frá félagsmálastjóra Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu þar sem fram kemur að á næstunni eru líklegar breytingar á högum tveggja vistmanna í Kerlingadal, þar sem einn vistmaður fær íbúð í Reykjavík í apríl og eins að verið er að huga að hjúkrunarheimilisvist fyrir annan vistmann.

Samþykkt að ræða við forsvarsmann Kerlingadal um framtíðarrekstur staðarins.

3. Bráðabirgðauppgjör vegna ársins 2016

Fram var lagt bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2016, en það sýnir að heildarfjárbörfin á árinu er 59.575.328 milljónir.

4. Fjárhagsáætlun 2017

Fram var lögð fjárhagsáætlun ársins 2017 niðurstöðutölur áætlunarinnar eru þær að enn vantar 54.248.752 milljónir á að endar nái saman í rekstri málaflokksins.

5. Uppbygging búsetuúrræðis - Erindi Þroskahjálpar á Suðurlandi, dags. 8. mars 2017 varðandi uppbyggingu á búsetuúrræði. Einnig verður lögð fram samantekt Maríu Kristjánsdóttur, félagsmálastjóra, um biðlista og fjármögnun búsetuúrræðis.

Fram var lagt bréf frá stjórn Þroskahjálpar á Suðurlandi þar sem lýst er áhuga á samstarfi við Bergrisann um byggingu búsetukjarna á Selfossi.

En eins og fram kemur í framlagðri uppfærslu Maríu Kristjánsdóttur félagsmálastjóra um biðlista er þörfin fyrir aukin búsetuúrræði mikil. Áætlað er að kostnaður vegna reksturs fyrirhugaðs heimilis verði á bilinu 35- 50 milljónir umfram greiðslur til Bergrisans með þeim einstaklingum sem eru í mestri búsetubörf.

Stjórnin samþykkir að leggja til við aukaaðalfund að Bergrisans að sótt verði um stofnframlag til byggingar búsetukjarna á Selfossi.

verði um stofnframlag til	
ÁRBORG	
Bnr: 02.71	Mótt:
Abm: A. Stef	Mnr: 1703106